

**Gróðurfar og fuglalíf á veglínu fyrirhugaðs
Hafravatnsvegar norðan Langavatns**

Kristbjörn Egilsson og Ólafur Einarsson

Unnið fyrir Verkfræðistofuna Hnit hf

NÍ-99007

Reykjavík, júní 1999



Náttúrufræðistofnun Íslands

EFNISYFIRLIT

	bls.
EFNISYFIRLIT	2
1. INNGANGUR	3
2. GRÓÐUR	3
2.1 Yfirlit yfir gróðurfar	3
2.2 Gróðurfar í vegstæðinu	5
2.3 Flóra	6
3. FUGLAR	6
4. NÁTTÚRUVERND	9
5. NIÐURSTÖÐUR	9
6. HEIMILDIR	11
TÖFLUR	
1. tafla. Fuglar sem sáust 1. júní 1999, líklegir varpfuglar á framkvæmdasvæði ásamt skráðum varpfuglum í reit 3759	7
2. tafla. Talning mófugla á sniði við fyrirhugaðan Hafravatnsveg 1. júní 1999	8
MYNDIR	
1. mynd. Fyrirhugaður Hafravatnsvegur. Tillaga Vegagerðarinnar. Yfirlitsmynd og áfangar.	13

1. INNGANGUR

Hinn 23. apríl 1999 fór Verkfræðistofan Hnit hf. þess á leit við Náttúrufræðistofnun Íslands að hún gerði áætlun um rannsóknir á gróðurfari og fuglalífi vegna frummats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs Hafravatnsvegar norðan Langavatns.

Í bréfi dagsettu 28. apríl sendi Náttúrufræðistofnun Íslands Verkfræðistofnunni Hnit hf. eftirfarandi upplýsingar um fyrirbyggjandi gögn og áætlun um rannsóknir:

„*Gróðurfar*: Gróðurland í mælikvarðanum 1:25.000 var gefið út árið 1988, blað Elliðavatn 1613 III SA og blað 1613 III NA. Á útgefna kortunum hafa gróðurflokkar verið dregnir saman, en ítarlegri gróðurflokkun en sú sem sýnd er á útgefna kortinu er til á loftmyndum.

Um þann hluta vegstæðisins sem er í landi Reykjavíkurborgar eru til nokkur gögn um flóru sem safnað var sumarið 1997. Engar skráningar eru hins vegar til um svæðið sem tilheyrir Mosfellsbæ.

Fuglalíf: Til eru gögn um fuglalíf við Úlfarsá og sunnan hennar. Hins vegar vantar gögn norðan árinna sem er í landi Mosfellsbæjar.

Til þess að gera fullnægjandi grein fyrir gróðurfari og fuglalífi á áætluðu vegstæði þarf að:

- Fara um svæðið og skoða hvernig lega áætlaðs vegar fer yfir gróið land. Skoða þarf staðsetningu nýrrar brúar yfir Úlfarsá.
- Athuga gróður og telja fugla norðan ár. Lagt verður mat á gildi fuglabyggða, samfélaga og sjaldgæfra fuglategunda sem kunna að finnast á svæðinu og lagt á ráðin um hvernig komast megi hjá neikvæðum umhverfisáhrifum.

Samstarfsmenn og tengiliðir fyrir hönd Verkfræðistofunnar Hnits hf. voru Guðmundur Hallgrímsson, Bjarni Gunnarsson og Atli Hauksson.

Árið 1995 gerði Náttúrufræðistofnun Íslands að beiðni Verkfræðistofunnar Hnits hf. úttekt á gróðurfari og fuglalífi á fyrirhuguðu vegstæði fyrsta áfanga Hafravatnsvegar. Þá voru skoðaðar fjórar leiðir frá Sólheimakoti austur að Dallandi og norður fyrir Langavatn (Kristbjörn Egilsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1995). Könnunin sem greint er frá í þessari skýrslu er því framhald könnunarinnar frá 1995.

2. GRÓÐUR

2.1 Yfirlit yfir gróðurfar

Í þessum kafla verður gefið yfirlit yfir gróðurfar svæðisins. Gróðurland í mælikvarðanum 1:25.000 er til af ofangreindu svæði (Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1989a og b). Á því sést að svæðið er allt meira og minna gróið utan melkolla hér og þar. Fjórar gerðir gróðurlenda eru þarna samkvæmt gróðurlandinu; graslendi, votlendi (mýri), mosapemba og melar. Auk þess eru á svæðinu smærri gróðurlendi sem ekki koma fram á korti í þessum mælikvarða, t.d. flög og mólendi.

Hinn 9. júní 1999 var gengið um vegstæði og gróðurlendi skoðuð. Þá kom í ljós að gróður á þessu svæði er yfirleitt í góðu ástandi og virðist allstaðar vera í sókn þar sem engin beit er. Sumstaðar eru þó hólf þar sem hrossum er beitt og þar má sjá augljós merki beitar.

Votlendi. Stór votlendissvæði eru við Úlfarsá, en stærsti hluti þeirra hefur verið ræstur fram og því á votlendisgróður þar víða erfitt uppdráttar. Auk þess er veruleg hrossabeit sumstaðar á þessu svæði. Eina óskerta votlendissvæðið sem eitthvað kveður að er Starmýri milli Langavatns og Rcynisvatns.

Votlendið á fyrirhugðu vegstæði samanstendur af mýrum. Flestar þeirra hafa verið ræstar fram, en norðan Úlfarsár má enn finna óræstar mýrar. Í mýrunum er allmikið af klóffu, engjarós, horblöðku, vetrarkvíðastör, hengistör og hálmgresi. Gulvíðir, grávíðir, bláberjalyng og fjalldrapi vaxa á blettum. Hallamýri, sem kallast Mómýri og er sunnan við Úlfarsá, hefur verið ræst fram með skurðaneti. Þar eru sífuflóar, tjarnastaraflákar og á milli má finna t.d. mjaðurt, loðvíði og fjalldalafífil. Sumstaðar er snarrótarpuntur áberandi en annarstaðar engjarós og hálmgresi.

Mólendi. Víða eru blettir þar sem mólendi er ríkjandi en þeir eru það litlir að þeir koma ekki fram á gróðurkortinu sem er í mælikvarðanum 1:25.000. Þar vaxa lyngtegundir t.d. bláberjalyng, krækilyng, sortulyng og beitleyng. Einnig finnast loðvíðir, gulvíðir, grasvíðir, sauðamergur og holtasóley víða. Auk þess eru runnafléttur af ættkvíslinni *Cladonia* áberandi og mynda sumstaðar stórar breiður. Mosar þekja allstaðar svörð og af þeim er fjöldi tegunda.

Graslendi. Þar sem grös eru ríkjandi í þurrlandinu verður til graslendi. Þar eru t.d. ríkjandi týtulíngresi, blávingull, túnvingull, bugðupuntur og hálíngresi.

Mosapamba. Mosapambu er einkum að finna á kaflanum sunnan við Úlfarsá þegar komið er upp af votlendissvæðinu. Í mosapambu vaxa tegundir sem þola vel óblíð skilyrði. Einkennistegund er gamburmosi (*Racomitrium* spp.) og nær þekja hans yfirleitt 50–100%. Innan um mosann vaxa háplöntur á stangli. Af grösnum má nefna túnvingul, blávingul, týtulíngresi, vallarsveifgras, stinnastör, móasef, vallhæru og þursaskegg. Smávaxnir runnar t.d. krækilyng, bláberjalyng, grasvíðir, beitleyng og grávíðir eru víða. Af blómplöntum má nefna lambgras, ljónslappa, geldingahnapp, bláberjalyng, melablóm, músareyra, vallhæru, axhæru, túnsúru, túnfífla, lambgras, brjóstagrass, blóðberg og þúfusteinbrjót.

Melar (bersvæðisgróður). Á melunum er þekja gróðurs lítil og eiginlegur jarðvegur fátæklegur þar sem mól, steinar og grjót þekja yfirborð. Háplöntutegundir standa strjált og tiltölulega langt er milli einstaklinga. Í þessu gróðurlendi er hins vegar oft að finna fjölmargar tegundir, en þær eru yfirleitt smávaxnar, skríða með jörðu eða mynda litlar þúfur. Þær eru jafnframt aðlagðar þessum óblíðu skilyrðum. Víða sjást þess merki að melarnir eru teknir að gróa upp vegna friðunar. Oft er grjót þakið fléttum, einkum hrúðurfléttum, og mosar eru einnig algengir á grjótinu. Gróðurþekja og tegundafjölbreytni er því allmikil á melunum og miklu meiri en virðist við fyrstu sýn. Á melunum vaxa m.a. axhæra, músareyra, blóðberg, ólafssúra, geldingahnappur, melablóm, blávingull, túnvingull, holurt, krækilyng, beitieski og holtasóley. Alaskalúpína breiðist nú mjög hratt út um melana norðan við Startjarnir.

2.2 Gróðurfar í vegstæðinu

Í skýrslunni „Fyrirhugaður Hafravatnsvegur - mat á gróðurfari og fuglalífi“ (Kristbjörn Egilsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1995) er fjallað um áætlað vegstæði milli mælistika 0 og 4100. Hér á eftir verður fjallað um svæðið milli mælistika 4100 og 6480.

Milli mælistika 4100 og 4140 er lítt gróinn melur þar sem krækilyng, þursaskegg og grasvíðir eru áberandi ásamt blávingli, túnvingli, kornsúru, geldingahnappi, gulmöðru, holtasóley, músareyra, blóðbergi, týtulíngresi, beitilyngi og melablómi. Alaskalúpína er að breiðast út um svæðið.

Frá mælistiku 4140–4760 er mosapemba með lyngi ríkjandi gróðurlendi. Þar eru beitilyng, sortulyng, bláberjalyng og krækilyng áberandi tegundir ásamt mosanum grágambra. Einnig setja fléttur af ættkvíslunum *Stereocaulon* og *Cladonia* víða mikinn svip á gróðurfarið.

Milli mælistika 4760–4820 er gamalt tún og í jaðri þess eru leifar af hlöðnu fjárhúsi. Í túninu er snarrótarpuntur ríkjandi ásamt túnsúru, vallarsveifgrasi, maríustakki, skarífífla og hrafnaklukku.

Milli stika 4820 og 5100 er mosapemba með runnum en á milli eru víða litlir flagblettir. Beitilyng, bláberjalyng og krækilyng eru áberandi tegundir. Af öðrum algengum tegundum má nefna ljónslappa, blávingul, túnvingul, hálíngresi, vallarsveifgras, grávíði og blóðberg.

Við stiku 5100 er mýrablettur sem nær að stiku 5160. Þar eru mýrastör og klófífa ríkjandi ásamt hengistör, kornsúru, engjarós og brjóstagrasi. Uppi á þúfum vaxa m.a. krækilyng, bláberjalyng, grávíðir og gulvíðir.

Milli mælistika 5160 og 5340 er mosapemba með lyngi. Mosinn grágambri er sem fyrr ríkjandi tegund. Af ríkjandi háplöntum má nefna krækilyng, bláberjalyng, lambgras og kornsúru. Aðrar algengar tegundir eru kattartunga, túnvingull, blávingull, músareyra, vellefting, stinnastör, geldingahnappur, snarrótarpuntur, beitilyng, grávíðir, grasvíðir, krossmaðra og holtasóley.

Frá mælistiku 5340 að 5860 liggur vegstæðið meðfram skurðum í votlendi. Þar eru klófífa og mýrastör ríkjandi tegundir en fjalldrapi og gulvíðir eru áberandi á blettum. Niðri í skurðunum dafna m.a. mýrelfting, klófífa, fergin og gulstör.

Lítill melkollur er á bilinu 5860–5900 og síðan mýrablettur með fjalldrapa. Þá er komið að Úlfarsá sem þarna fellur í lygnum, fremur djúpum, farvegi. Árbakkarnir eru vel grónir beggja vegna og þar er að finna fjölmargar tegundir. Gulstör, engjarós og álftakólfur teygja sig út í ána, en á bökkunum má m.a. finna hrossanál, klófífu, þráðsef, maríustakk, gulvíði, loðvíði, fergin, mjaðurt, hrafnaklukku, mýrfjólu, hárleggjastör, hófsóley og mýrastör.

Upp frá ánni að mælistiku 6200 liggur áætlað vegstæði í votlendi, austan við skurð einn mikinn. Þarna er mýrastaramýri lítið þýfð og ekkert bitin af hrossum og landið

því vel farið. Í mýrinni vaxa fjölmargar tegundir. Neðst, næst ánni, er mýrin blautust. Þar vaxa ásamt mýrastörinni: klófífa, engjarós og hengistör. Þar sem þurrara er dafna auk þess t.d. mjaðurt, túnvingull, snarrótarpuntur og vallarsveifgras. Víða má sjá gulvíði og loðvíði teygja sig upp úr mýrinni. Vegstæðið fer vestur yfir skurðinn nálægt stíku **6200**. Handan við skurðinn hefur mýrin verið mikið beitt af hrossum og því er víða að finna flagskellur á þessum slóðum allt að mælistíku **6300**.

Milli stíka **6300** og **6400** er mólendi með melablettum. Þarna eru krækilyng, grasvíðir, lambagrass, túnvingull og beitilyng áberandi. Af öðrum tegundum má nefna sauðamerg, þursaskegg, ljónslappa, ilmreyr, blóðberg, holtasóley og geldingahnapp. Víða er grjót og er það allt meira og minna vaxið hrúðurfléttum.

Frá **6400** að **6480** er þýfð mýri. Mýrastör er ríkjandi tegund. Af öðrum algengum tegundum má nefna kornsúru, lyfjagrass, engjarós, klófífu og loðvíði. Á þúfnakollum vaxa krækilyng, gullmura, hvítmaðra, vallhræra, túnvingull, túnfíflar, krossmaðra og maríuvöndur.

2.3 Flóra

Þar sem fara þurfti um svæðið svo snemma sumars var ekki nema lítil hluti tegunda farinn að spretta. Þar af leiðandi var ekki hægt að gera nákvæma tegundaskráningu á vegstæðinu. Hins vegar svæðið sunnan við Úlfarsá til skráð í gagnabanka Náttúrufræðistofnunar frá 1995. Þar hafa verið skráðar 136 tegundir háplantna. Þær eru allar algengar og engin tegund sem er sjaldgæf á lands- eða héraðsvísu hefur fundist á svæðinu svo kunnugt sé.

3. FUGLAR

Fuglaathuganir fóru fram þann 1. júní 1999. Gengin var fyrirhuguð veglína frá Úlfarsfelli og suður að Startjörnum. Mófuglar voru taldir á einu sniði til þess að fá upplýsingar um þéttleika varpfugla á svæðinu. Sniðið var einn kílómetra milli mælistíka **4900** og **5900**. Talið var kl. 09:45 til 10:50. Upplýsingar um gróðurfar á talningarsniði eru í kafla 2.2. Talið var á tveimur beltum; 100 m breiðu beltí sitt til hvorrar handar og svo á beltum fjær sem einnig voru 100 m breið, utan við hin beltin (sbr. Järvinen og Väisänen 1975, Järvinen 1976, Bibby o.fl. 1992). Í útreikningum á þéttleika mófugla var leiðrétt fyrir þá fugla sem ekki kunna að sjást eftir því sem fjær dregur miðlínu sniðs. Við útreikning á þéttleika mófuglanna var notast við línulega formúlu (Järvinen 1976, Bibby o.fl. 1992).

Kristbjörn Egilsson skráði einnig niður hjá sér fugla á hluta athugunarsvæðisins þegar hann kannaði gróður þann 9. júní 1999.

Við rannsóknir á útbreiðslu fugla og gróðurs er stuðst við reitakerfi sem skiptir landinu öllu niður í 10×10 km reiti (Hörður Kristinsson og Bergþór Jóhannsson 1970). Rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands á útbreiðslu varpfugla náðu til fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis (Kristinn H. Skarphéðinsson o.fl. 1994). Fyrirhugað framkvæmdasvæði liggur á mörkum tveggja reita, númer 3659 og 3759. Við Óskot sveigir vegurinn inn í reit 3759. Í 1. töflu er miðað við upplýsingar úr reit 3759 þar

sem fuglalíf og búsvæði í þeim reit er líkara því sem er á athugunarsvæðinu við fyrirhugaðan Hafravatnsveg.

Samkvæmt rannsóknum á útbreiðslu íslenskra varpfugla þá hefur 31 fuglategund verið skráð í reit 3759. Í reitnum hefur verið staðfest varp 16 fuglategunda, 12 tegundir eru líklegir varpfuglar og þrjár voru hugsanlegir varpfuglar. Á meðan á athugunum stóð sáust 18 tegundir fugla, þar af voru 16 sem þóttu líklegir eða öruggir varpfuglar (1. tafla). Hreiður tveggja fugla fundust, tjalds við stiku **6400** og heiðlóu við stiku **6480**.

1. tafla. Fuglar sem sáust 1. júní 1999, líklegir varpfuglar á framkvæmdasvæði ásamt skráðum varpfuglum í reit 3759

Íslenskt heiti	Latneskt heiti	Fuglar sem sáust	Líklegir varpfuglar	Skráðar fuglategundir í reit*
Fýll	<i>Fulmarus glacialis</i>			1
Álft	<i>Cygnus cygnus</i>			1
Grágæs	<i>Anser anser</i>	x	x	1
Urtönd	<i>Anas crecca</i>			3
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	x	x	1
Skúfönd	<i>Aythya fuligula</i>			1
Duggönd	<i>Aythya marila</i>			3
Straumönd	<i>Histrionicus histrionicus</i>	x		1
Toppönd	<i>Mergus serrator</i>			3
Rjúpa	<i>Lagopus mutus</i>	x	x	1
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	x	x	2
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>			2
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	x	x	1
Sendlingur	<i>Calidris maritima</i>			2
Lóupræll	<i>Calidris alpina</i>	x	x	2
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	x	x	1
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>	x	x	2
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	x	x	1
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	x	x	1
Óðinshani	<i>Phalaropus lobatus</i>	x	x	2
Kjóí	<i>Stercorarius skua</i>			2
Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>			2
Stormmáfur	<i>Larus canus</i>	x	x	
Sílamáfur	<i>Larus fuscus</i>	x	x	2
Svartbakur	<i>Larus marinus</i>	x	x	
Kríá	<i>Sterna paradisaea</i>	x		2
Þúfuttlingur	<i>Anthus pratensis</i>	x	x	1
Maríuerla	<i>Motacilla alba</i>			1
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>			2
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>	x	x	1
Hrafn	<i>Corvus corax</i>			1
Stari	<i>Sturnus vulgaris</i>			1
Snjóttlingur	<i>Plectrophenax nivalis</i>			2
Alls		18	16	31

*Samkvæmt Kristní H. Skarphéðinssyni o.fl. 1994. 1. stig er staðfest varp, 2. stig er líklegt varp og 3. stig er hugsanlegt varp.

Fuglalíf á fyrirhuguðu vegstæði frá stiku 4100 að stiku 4900 var frekar fáskrúðugt. Á þessari leið sást heiðlóa (2 pör og stakur fugl), einn spói og einn þúfutittlingur.

Töluvert fuglalíf er framræstum mýrum við Úlfarsá. Í Mómýri fundust fjórtán tegundir. Í 2. töflu eru taldar upp níu tegundir en þar voru einnig: varplegt grágæsarpár, stökkönd (steggur sem flaug yfir), rjúpa (einn ropandi karri), stormmáfur, sem lét varplega, og kría sem flaug yfir. Flestir þeir fuglar sem sáust á sniðinu voru á milli vegstika 5100 og 5900. Heildarþéttleiki mófugla var metinn 107 pör á km² (2. tafla). Þúfutittlingur reyndist vera algengastur 52 pör á km², því næst heiðlóa, hrossagaukur, stelkur, jaðrakan og spói og var þéttleiki þessara tegunda á bilinu 6 til 20 pör á km². Tjaldur, lóupræll og skógarþröstur voru lítt áberandi. Formúla sú sem notuð var til útreikninga á þéttleika leyfir ekki útreikning á þéttleika þeirra þar sem einungis fannst eitt par af hverri tegund í ytra belti sniðsins.

2. tafla. Talning mófugla á sniði við fyrirhugaðan

Hafravatnsveg 1. júní 1999

Tegund	0–100m	100–200m	Alls	pör/km ²	Utan sniðs*
Tjaldur	0	1	1	-	1
Heiðlóa	2	0	2	20	0
Lóupræll	0	1	1	-	0
Hrossagaukur	6	3	9	17	0
Jaðrakan	1	1	2	6	0
Spói	1	1	2	6	2
Stelkur	1	0	1	10	1
Þúfutittlingur	7	1	8	52	0
Skógarþröstur	0	1	1	-	0
Alls	18	9	27	107	4

*Einstaklingar, aðrar tölur eru í þörum.

Á Úlfarsá og bökkum hennar sáust eftirfarandi tegundir: stökkönd (þrír steggir og kolla), lóupræll (4), stelkur (2) og óðinshani (1). Við útfall Úlfarsár við Hafravatn voru fimm straumendur, tvö pör og steggur. Þær voru rétt fyrir utan athugunarsvæðið en samt er rétt að gera grein fyrir þeim. Straumandavarp við Úlfarsá er ekki þekkt (Kristinn H. Skarphéðinsson o.fl. 1994, Jóhann Óli Hilmarsson og Kristinn H. Skarphéðinsson 1996). Straumendur sem verpa ofar í vatnakerfi Úlfarsár eiga hins vegar leið í gegnum fyrirhugað framkvæmdasvæði. Straumendur eru bundnar við ár, verpa við þær, ala upp unga sína á þeim, ásamt því að ferðast eftir þeim fyrir og eftir varptíma. Ísland er eina landið í Evrópu þar sem straumendur verpa.

Milli mælistika 6000 og 6480 sáust 12 tegundir fugla. Það voru allt tegundir sem sáust á sniðinu (2. tafla) auk grágæsar (2 pör), sílamáfs og svartbaks. Sílamáfsvarp fannst vestur af fyrirhuguðum vegi, í nágrenni við stikur 6200 til 6400. Yfir varpinu voru 28 sílamáfar á sveimi ásamt einu svartbakspari. Tólf sílamáfar voru í túni í Vatnsmýrarholti.

4. NÁTTÚRUVERNÐ

Náttúruverndarráð (1996) hefur sett Úlfarsá frá upptökum í Hafravatni til ósa í Blikastaðakró, á Náttúruminjaskrá ásamt 200 m breiðum bakka beggja megin árinna.

Á Aðalskipulagi Reykjavíkur fyrir árin 1990–2010 fellur sá hluti dalbotnsins sem er í landi Reykjavíkur undir Borgarvernd.

Á Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 1983–2003 fellur svæðið næst Úlfarsá að norðanverðu undir vatnsverndarsvæði.

Náttúrufræðistofnun Íslands vann að úttekt á náttúrufari Úlfarsársvæðisins, ofan Vesturlandsvegur, fyrir Reykjavíkurborg árið 1995 (Kristbjörn Egilsson o.fl. 1996). Landið norðan árinna, sem tilheyrir Mosfellsbæ, var ekki kannað. Í niðurstöðum ofangreindrar úttektar er lögð áhersla á mikið verndargildi Úlfarsárdalsins hvað náttúrufar og útivist varðar.

Þar segir meðal annars: „Úlfarsársvæðið ofan Vesturlandsvegur er í raun dalbotn. Lífríki árinna, gróðurfarið og fuglalífið mynda samfellda heild. Fjölbreytt lífríki sem felst í landslagi, ánni, árbakkanum, gróðurfari og fuglalífi gera svæðið þýðingarmikið til útivistar. Þýðingin felst m.a. í því að það er steinsnar frá væntanlegri byggð. Í raun er hér alveg einstakt tækifæri til að skipuleggja nýja byggð í sátt við óspillta náttúru þannig að náttúrufar þessa svæðis geti þróast á eðlilegan hátt lífríkinu til framdráttar og íbúum til ómældrar fræðslu og ánægju.”

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010 er gert ráð fyrir íbúðabyggð sunnan við Úlfarsá í Grafarholti og eins á svæði milli Reynisvatns og Langavatns. Líklegt er að byggð verði einnig skipulögð á öllu svæðinu sunnan og vestan við Úlfarsfell. Hér verður því í framtíðinni byggt upp hverfi fyrir 20–40 þúsund íbúa. Þeir þurfa sín útivistarsvæði og hér er tækifæri til að skipuleggja þau meðfram ánni. Í framtíðinni getur Úlfarsá þannig orðið náttúruskart í miðju þéttbýli og hlutverk hennar síst minna en Elliðaánna.

Í skýrslunni frá 1996 (Kristbjörn Egilsson o.fl.) er lagt til að svæðið verði friðlýst og hljóti stöðu fólkvangs. Enn skal hér lögð áhersla á að svæðið fái að halda sínum náttúrlegu einkennum og að ræktun og umhirða taki mið af því. Líta verður á Hafravatn, Úlfarsá, (þ.m.t. Korpúlfsstaðaá) og 150–250 metra belti meðfram ánni sem samfellda náttúrufarslega heild. Þarna þarf að huga að tengslum milli árinna, árbakkans, votlendisins og annarra gróðurlenda og landslagsins næst ánni. Eins og fram hefur komið er náttúrufar svæðisins afar fjölbreytt og mikið til óspillt. Auðvelt ætti að vera að laga það sem aflaga hefur farið ef rétt er á málum haldið. Með góðu skipulagi má koma í veg fyrir mistök og skemmdir á lífríki þessa svæðis.

5. NIÐURSTÖÐUR

Fyrirhugað er að leggja nýjan veg á u.þ.b. 6,4 km löngum kafla. Fyrri áfangi leiðarinnar, u.þ.b. 4,1 km, var kannaður með tilliti til gróðurfars og fuglalífs árið 1995 og er vísað til niðurstaðna og athugasemda á þeim vegkafla þar (Kristbjörn Egilsson

og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1995). Síðari áfangi áætlaðs vegar sem er um 2,3 km liggur á milli Langavatns og Úlfarsfells.

Gróðurfar á athugunarsvæðinu er nokkuð fjölbreytt. Landið er allt vel gróið og ástand gróðurs yfirleitt gott. Helstu gróðurlendi eru: graslendi, votlendi (mýri), mosapemba, mólendi og bersvæðisgróður (melar). Samtals hafa verið skráðar 136 háplöntutegundir sunnan við Úlfarsá. Engin þeirra telst sjaldgæf á landsvísu.

Um helmingur af þeim fuglategundum sem verpa í reit 3759 virðast verpa á athugunarsvæðinu við fyrirhugaðan Hafravatnsveg, alls 16 tegundir. Fuglalíf var töluvert, sérstaklega við Úlfarsá og í nágrenni hennar. Enginn þeirra fugla sem fundust á athugunarsvæðinu teljast sjaldgæfir varpfuglar á Íslandi. Við Úlfarsá hafa hins vegar í heild verið skráðar 50 tegundir fugla, þar af 29 sem hafa orpið þar (Jóhann Óli Hilmarsson og Kristinn H. Skarphéðinsson 1996).

Þéttleiki mófugla á sniðinu var svipaður því og mælt hefur í Austurheiðum Reykjavíkur og tegundasamsetning var einnig svipuð, nema hvað jaðrakan fannst í Mómyri, en hann var ekki skráður sem varpfugl í Austurheiðum (Jóhann Óli Hilmarsson og Kristinn H. Skarphéðinsson 1996).

Áætluð veglagning mun fara yfir algróið land og um svæði sem fram að þessu hefur lítt verið spillt nema þar sem land hefur verið ræst fram og lagðir nokkrir vegslóðar. Veglagningin mun því verða fyrsti áfangi að nýrri landnýtingu á svæðinu og hafa mikil áhrif á landmótun og útlit svæðisins.

Hér verða gerðar athugasemdir við veglagninguna á þremur stöðum:

1. Milli mælistika **4760–4820** er gamalt tún og í jaðri þess eru leifar af hlöðnu fjárhúsi (beitarhúsi?). Þetta er túnið í heiðinni. Kanna þarf hvort þessar mannvistarminjar hafi verndargildi samkvæmt þjóðminjalögum eða hvort þær falla undir menningarlandslag sem Mosfellsbær hefur í hug að vernda. Auðvelt ætti að vera að flytja vegstæðið 50–100 metra vestur fyrir túnblettinn og bjarga á þann hátt frá eyðileggingu þessum gamla túnbletti og rústunum.

2. Verðmætasti og jafnframt viðkvæmasti hluti rannsóknasvæðisins að mati Náttúrufræðistofnunar er án efa Úlfarsá, árbakkinn og næsta nágrenni hennar. Því er mikilvægt að sem minnst röskun verði á umhverfi árinna og ánni sjálfri. Skiptir miklu að áin fái að renna áfram án hindrana í farvegi sínum. Þar sem svæðið er væntanlegt útivistarsvæði er nauðsynlegt að gert verði ráð fyrir gangandi, hjólandi og ríðandi umferð yfir ána og meðfram henni þannig að sú umferð verði aðskilin frá og óhindruð af umferð bíla. Brúarhafið verður því að vera það breitt að göngu- hjóla- og reiðstígar komist þar fyrir með góðu móti án þess að árbakkinn sjálfur verði fyrir skemmdum. Lögð er áhersla á að hugað verði sérstaklega að fagurfræði við hönnun brúarinnar yfir Úlfarsá og haft í huga að um framtíðar útivistarsvæði er að ræða. Því er mikilvægt að brúin hafi milda ásynd og falli vel að landslaginu.

3. Ef ákveðið verður að leggja veg á þessum slóðum skiptir ekki máli hvað þurrlendisgróðurinn varðar hvar vegurinn mun liggja á svæðinu. Hins vegar er mælt með því að sneiða sem mest hjá votlendinu. Í þessu sambandi er bent á að heppilegra

er að vegurinn liggir vestan við skurðinn á svæðinu frá Úlfarsá (mælistöð 6000 til 6200) og fari þar yfir þurrari svæði.

Efnistaka. Þegar athuganir fóru fram lá ekki ljóst fyrir hvar taka á efni í veginn en greinilega þarf mikið efni til að byggja hann upp. Brýnt er að fara með gát við efnistöku. Lagt er til að efni verði ekið inn á svæðið á þeim stöðum sem veglínan liggur í algrónu landi.

Uppgræðsla í vegköntum. Við uppgræðslu vegkanta er mælt með að nota aðferðir sem stuðla að því að gróður í vegköntum verði sem líkastur gróðri í nágrenninu (grenndargróðri). Hafa ber samráð við Náttúruvernd ríkisins hvað uppgræðsla varðar.

Frekari rannsóknir. Náttúrufræðistofnun telur ekki þörf á frekari rannsóknum á gróðurfari og fuglalífi á þessu vegstæði umfram það sem kynnt í þessari skýrslu.

6. HEIMILDIR

Bibby, C. J., N.D. Burgess og D.A. Hill 1992. Bird census Techniques. Gefið út fyrir British Trust for Ornithology og Royal Society for the Protection of Birds. Academic Press. London. 257 bls.

Hörður Kristinsson og Bergþór Jóhannsson 1970. Reitskipting Íslands fyrir rannsóknir á útbreiðslu plantana. Náttúrufræðingurinn 40: 58-65.

Hörður Kristinsson 1986. Plöntuhandbókin. Blómplöntur og byrkningar. Íslensk náttúra II. Örn og Örlygur. Reykjavík. 306 bls.

Järvinen, O. og R.A. Väisänen 1975. Estimating relative densities of breeding birds by the line transect method. Oikos 26:316-322.

Järvinen, O. 1976. Estimating relative densities of breeding birds by the line transect method. II. Comparisons between two methods. Ornis Scandinavica 7: 43-48.

Kristbjörn Egilsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1995. Fyrirhugaður Hafravatnsvegur - mat á gróðurfari og fuglalífi. Unnið fyrir Verkfræðistofuna Hnit hf. Náttúrufræðistofnun Íslands. 4. bls.

Kristbjörn Egilsson ritstj., Haukur Jóhannesson, Jóhann Óli Hilmarsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1996. Náttúrufar í austurlandi Reykjavíkur. Klapparholt, Austurheiði, Úlfarsá og Hamrahlíðarlönd (Úlfarsfell). Skýrsla unnin fyrir Reykjavíkurborg. Náttúrufræðistofnun Íslands. Handrit. 47 bls.


Jóhann Óli Hilmarsson og Kristinn H. Skarphéðinsson 1996. Fuglar við Úlfarsá. Í: Kristbjörn Egilsson (ritstjóri). Náttúrufar í austurlandi Reykjavíkur. Klapparholt, Austurheiði, Úlfarsá og Hamrahlíðarlönd (Úlfarsfell). Skýrsla unnin fyrir Reykjavíkurborg. Náttúrufræðistofnun Íslands. Handrit. 47 bls.

Kristinn H. Skarphéðinsson, Gunnlaugur Pétursson og Jóhann Ó. Hilmarsson 1994. Útbreiðsla varpfugla á Suðvesturlandi, könnun 1987–1992. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 25. 126 bls.

Náttúrverndarráð 1996. Náttúruminjaskrá. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúrminjar. 7. Útgáfa. Reykjavík. 64 bls.

Rannsóknastofnun Landbúnaðarins 1989a. Gróður og jarðakort. Vífilfell 1613 III SA. 1: 25.000.

Rannsóknastofnun Landbúnaðarins 1989b. Gróður og jarðakort. Mosfell 1613 III NA. 1: 25.000.



SKÝRINGAR:

Hnitakerfi: Reykjavík Hæðarkerfi: Reykjavík Hæðarlínubili er 5 m	Afmörkun 1. áfanga vegagerðar	Mörk sveitarfélaga Mörk jarða (blít án ábyrgðar)
Gert er ráð fyrir að vaglinur nái norður að Úlfarsfellsvegi en staðsetning hans er ekki endanleg	Afmörkun vega í mál & umhverfisáhrifum	Girðing (á eignamörkum) Háspennulína Hitaveituseð
	Kortgrunnur: Vegagerðin LUKR	Fyrirhugaðir framtíðarvegir, lögá óvísá

Mynd 1 1:20.000
 Fyrirhugaður Hafravátnsvegur
 Tillaga Vegagerðarinnar
 Yfirlitsmynd og áfangar